



Framhaldsskólinn á Húsavík

# Húslestur

1. tbl. 16. árg.

Föstudagur 6. janúar 2006

Ritstj. og ábm.: Björgvin R. Leifsson

Vefslóð: <http://www.fsh.is> - þjónusta – Áfangastjóri

Netfang: [brl@fsh.is](mailto:brl@fsh.is)

## Gleðilegt ár og velkomin til starfa á vorönn 2006!

Húslestur hefur ýmsar upplýsingar að geyma. Lesið hann vandlega og haldið honum til haga. Lesið einnig vel kaflana um áfangakerfið og reglur skólans í Skólanámsskrá (á netinu) og í Skóladagbókinni. Þá er oft ýmsar upplýsingar og tilkynningar að finna á **tilkynningatöflu** við nemendainngang.

Kennsla hefst á mánudag 9. janúar skv. stundatöflu. Varðandi dagskrá annarinnar má nefna að umsjónartímar verða í þriðju hverri viku og próf verða frá 2. til 12. maí. Einkunnaafhending verður þann 18. maí og skólaslit 20. maí. Sjúkra- og endurtektarpróf verða haldin 16. maí.

## Starfsfólk skólans

**Skólameistari:** Guðmundur Birkir Þorkelsson Viðtalstímar eftir samkomulagi

**Aðstoðarskólameistari:** Gunnar Baldursson Viðtalstímar eftir samkomulagi

**Áfangastjóri:** Björgvin R. Leifsson Viðtalstímar mánudaga kl. 10:20 – 12:00, miðvikudaga kl. 10:20 – 12:00 og föstudaga kl. 8:00 – 10:00, að öðru leyti eftir samkomulagi

**Námsráðgjafi:** Arnfríður Aðalsteinsdóttir Viðtalstímar auglýstir síðar

**Brautastjóri:** Ingólfur Freysson

**Fjármálastjóri:** Þórveig K. Árnadóttir

**Ritari:** Hjördís Sverrisdóttir

**Kerfisstjóri:** Páll Steingrímsson Viðtalstímar mánudaga og fimmtudaga

**Bókavörður:** Elín Kristjánsdóttir

**Húsvörður:** Árni Sigurðsson

**Ræstitæknir:** Guðrún Reynisdóttir

## Kennarar á vorönn 2006

Arnfríður Aðalsteinsdóttir	Félagsfræði, verslunarreikningur, starfsbraut
Árni Geir Magnússon	Danska, saga
Björgvin R. Leifsson	Efnafræði, tölfræði
Bryndís Guðlaugsdóttir	Hjúkrunargreinar
Dóra Ármannsdóttir	Íslenska
Erna Björnsdóttir	Lyfjafræði
Gunnar Baldursson	Eðlisfræði, jarðfræði, náttúrufræði
Ingibjörg Markúsdóttir	Sálfræði
Ingólfur Freysson	Íþróttir, atvinnufræði, starfsbraut
Knútur Arnar Hilmarsson	Eðlisfræði, stærðfræði
Magnús Elvar Magnússon	Sýklafræði
Sigríður Mjöll Marinósdóttir	Náttúrufræði, stærðfræði, þjóðhagfræði, þýska
Sigurlaug Elmarsdóttir	Lyfjafræði
Smári Sigurðsson	Enska
Svava Björk Ólafsdóttir	Starfsbraut
Þórveig K. Árnadóttir	Bókfærsla

**Allir kennarar hafa viðtalstíma og verða þeir auglýstir síðar á töflu á nemendagangi**

### Umsjónarkennarar:

Umsjónarkennarar:	Brautir	
Arnfríður Aðalsteinsdóttir	AN o.fl.	Stofa 2
Árni Geir Magnússon	FÉ	Stofa 7
Björgvin R. Leifsson	SJ	Stofa 3
Ingólfur Freysson	FÉ + NÁ	Stofa 8
Geirlaug Björnsdóttir	AE	Stofa 6
Knútur Arnar Hilmarsson	NÁ	Stofa 9
Svava Björk Ólafsdóttir	SB	Stofa 10
Smári Sigurðsson	AN	Stofa 5

### Umsjónartímar annarinnar

Allir eiga að mæta í umsjónartíma *þriðja hvern miðvikudag kl 15:20*:

- 1. febrúar afhending fjarvista, námsferill yfirfarinn, drög að valframboði, námsáætlanagerð nýnema í Innu, opnað á val í Innu, kjörsviðsval á stúdentsbrautum
- 1. mars fjarvistir, drög að próftöflu.
- 22. mars fjarvistir, námsáætlanagerð, kjörsviðsvali og vali fyrir næstu önn lýkur
- 26. apríl fjarvistir, próftafla
- 18. maí afhending einkunna

### Umsjónarkerfið

Nemendur fá beinan tölvuaðgang að sínum gögnum, svo sem námsferlum, stundatöflu, fjarvistum o.fl. Drög að valframboði fyrir næstu önn munu liggja fyrir í umsjón 1. febrúar og geta nemendur sent áfangastjóra

tölvupóst með ábendingum um hvaða áfanga þarf að kenna á næstu önn. Lokaskil á vali fyrir haustönn 2006 eru svo 22. mars. Verði dráttur á því velur áfangastjóri eða umsjónarkennari fyrir nemandann og leggjast þá kr. 1.000,- ofan á skólagjald næstu annar. Ætlast er til að allir nemendur velji í Innu.

Nemendur, sem týna töflu geta prentað hana út á netinu gegnum Innu. Áfangastjóri prentar ekki út týndar töflur. **Aukaútprentun hjá ritara kostar kr. 500,-**

Nemendur skulu halda saman gögnum sem tengjast umsjón, svo sem brautalýsingum/Námsvísi, fjarvistum, námsferli, námsáætlun o.s.frv. Gott er að nota plastmöppu til þess arna.

### **Innuaðgangur nemenda**

Slóðin er <http://nemendur.inna.is>

Eldri nemar halda sínum aðgangsorðum en nýnemar og endurinnritaðir fá aðgang hjá áfangastjóra **eftir 9. janúar**.

Hægt er að panta lykilorð í Innu ef menn týna lykilorðinu sínu. Þetta á ekki við um notendanafnið, því má ekki týna. Notendanafnið er FSHxxxxxx, þar sem xxxxxx er eitthvert númer og kemur fram á stundatöflunni, sem þið fáið í dag.

### **Tilkynningar og gögn frá áfangastjóra á netinu**

<http://fsh.is> - þjónusta – Áfangastjóri

námið – Áfangar

- Próf

### **Húsnæði skólans**

Skrifstofa skólans er í kennaraálmum, þar eru ritari og fjármálastjóri. Í kennaraálmum eru einnig skrifstofur skólameistara og aðstoðarskólameistara, kennarastofa og vinnuherbergi kennara. Nemendur eru beðnir að virða viðtalstíma kennara. Notfærið ykkur *pósthólf* þeirra sem eru á ganginum framan við skrifstofu skólans. Þau er sérstaklega ætluð fyrir nemendur sem þurfa að koma skilaboðum til kennara eða skila verkefnum.

Skrifstofa áfangastjóra er framan við kennaraálmum og húsvörður er með aðstöðu í herbergi gegnt áfangastjóra. Bókasafn er á efri hæð skólans, fyrir ofan aðalinngang nemenda. Matstofa nemenda og **skiptibókamarkaður** er í kjallara í aðalkennsluálmum.

### **Kennslustofurnar**

Stofur **1, 2, 3, 4 og 5** eru á efri hæð í aðalkennsluálmum, 1, 2 og 3 nær anddyri.

Stofur **6, 7, 8 og 9** eru á jarðhæð í kennsluálmum, stofa 6 næst anddyri en stofa 9 fjærst.

Stofa **10** er sérstofa starfsmenntabrautar.

Stofur **11 og 12** (myndmenntastofa) eru í kjallara kennaraálmum. Þar er einnig fjarfundastofa.

Stofa **ÍÞ** er í íþróttahúsi og **TS** er Töffsport.

Stofa 1 er **tölvustofa**. Stofan er opin nemendum nokkra tíma á dag þegar engin kennsla fer þar fram. Þá hafa nemendur tækifæri á vinna þar verkefni sem tengjast skólanum. Forsenda þess að hægt sé að hafa stofuna opna er að allir nemendur gangi vel um og hlíti öllum þeim umgengnisreglum sem settar eru. Við stofuna er auglýsing um opnunartíma og umgengnisreglur.

## Skólasóknarreglur (sjá einnig [www.fsh.is](http://www.fsh.is))

**Meginregla:** *Nemendur eiga að mæta stundvíslega í allar kennslustundir.*

Veitt er ákveðið svigrúm frá þessari meginreglu sem hér segir:

Heildarskólasókn nemenda má ekki vera undir 90%.

Skólasókn í hverjum einstökum áfanga má ekki vera undir 85%.

Leyfi frá skólasókn getur skólameistari og aðstoðarskólameistari gefið ef sérstakar ástæður liggja að baki. Öðrum er ekki heimilt að veita leyfi frá mætingu, hvorki til lengri eða skemmri tíma.

Viðverumerkingar í kennslustundum:

M = sjálfgefinn viðverukóði, nemandinn er í tímanum.

F = fjarvist úr 60 mínútna tíma. Gefur 1 fjarvistastig.

G = fjarvist úr 40 mínútna tíma. Gefur 0,67 fjarvistastig.

ATH.: Komi nemandi of seint í kennslustund, þ.e. eftir að kennari er búinn að lesa upp og kennsla er hafin, telst nemandinn fjarverandi þá kennslustund.

Frádráttarliðir fjarvista:

V = veikindi

L = leyfi

A = töfluárekstur

Það svigrúm sem nemendur hafa skv. skólasóknarreglum geta þeir nýtt t.d. ef þeir þurfa nauðsynlega að bregða sér frá.

Veikindi skal tilkynna á skrifstofu skólans að morgni sama dags.

Forráðamenn 16-17 ára nemenda skulu tilkynna veikindi barna sinna.

Trúnaðarmaður (sem skólinn samþykkir) 18-20 ára nemenda skal tilkynna veikindi þeirra. Skólanum er heimilt að krefjast læknisvottorða vegna langtíma veikinda. Langveikum nemendum er bent á að hafa samband við stjórnendur skólans í upphafi annar.

Nemendum skal gefin einkunn í prósentum fyrir skólasókn. Skólasókn er ekki metin til eininga.

Í Aðalnámskrá er sérákvæði um undanþágur frá skólasókn fyrir fatlaða nemendur og afreksfólk í íþróttum.

Viðurlög: Nái nemandi ekki tilskilinni skólasókn í einum áfanga (þ.e. 85%) er litið svo á að hann hafi þar með sagt sig úr þeim áfanga. Fær hann þá skráða einkunnina H (hættur) fyrir áfangann í námsferil sinn. Fari nemandi niður fyrir leyfilegt lágmark í heildarskólasókn (þ.e. 90%) er litið á það sem úrsögn úr skólanum. Nemendur sem hafa sagt sig úr einstökum áföngum eða skóla vegna fjarvista hafa ekki leyfi til þess að þreyta próf í lok annar.

Meðferð mála: Ef útreikningar á fjarvistum benda til þess að nemandi segi sig frá skóla með sama áframhaldi skal senda honum áminningarbréf eða foreldrum/forráðamönnum ef nemandi er yngri en 18 ára. Segi nemandi sig úr skóla og/eða áfanga vegna brota á skólasóknarreglum ber að tilkynna honum það skriflega. Nemandinn hefur tímabundinn andmælarétt. Að auki getur nemandi sótt um undanþágu frá skólasóknarreglum til skólaráðs.

### Útreikningar á mætingu

Mæting er reiknuð á u.þ.b. þriggja vikna fresti og fá nemendur að vita um stöðu sína í næsta umsjónartíma á eftir. *Þannig eru tölurnar á blöðunum sem þið fáið í umsjónartíma í raun staðan eins og hún var í lok vikunnar á undan.*

Athugið að Inna reiknar fjarvistir sem hlutfall af kenndum tímum, ekki af allri önninni. Til að umreikna fjarvistastigin er eftirfarandi formúla notuð:

$$100 - (100 - \text{Innuprósentu}) * \text{fjöldi daga sem liðnir eru af önninni} / 73$$

Ef nemandi er ósáttur við fjölda skráðra fjarvista í áfanga skal hann strax hafa samband við viðkomandi kennara.

***Nemendum er eindregið ráðlagt að halda sitt eigið fjarvistabókhalð!***

### P-nám og frjáls mæting (sjá einnig [www.fsh.is](http://www.fsh.is))

Þeir nemendur sem óska eftir P-námi eða frjálsri mætingu verða að sækja um það *skriflega* og gera grein fyrir ástæðu umsóknar.

Umsóknareyðublöðin fáið þið hjá umsjónarkennara eða hjá áfangastjóra.

Umsóknnum skal skilað til áfangastjóra *í síðasta lagi* þriðjudaginn 10. janúar.

Ákvörðun um það hverjir fá frjálsa mætingu og P-heimildir verður kunngerð föstudaginn 13. janúar.

#### Hverjir geta sótt um frjálsa mætingu?

Þeir nemendur sem náð hafa 21 árs aldri og/eða búa við þær aðstæður að þeir telji sig ekki geta mætt í alla tíma, án þess þó að það komi niður á náminu.

#### Hvað fylgir því að fá frjálsa mætingu?

Nemendur með frjálsa mætingu bera sjálfir ábyrgð á eigin námi og þurfa að kynna sér gaumgæfilega hvaða skyldur fylgja því. Umsóknareyðublaðinu fylgja upplýsingar varðandi þetta.

#### Hverjir geta sótt um P-nám?

Þeir sem hafa fegnið einkunnina 9 eða 10 í undanfara geta sótt um P-nám í næsta áfanga á eftir, enn fremur getur P-heimild komið til álita ef um útskriftarmál er að ræða.

Nemendum er bent á að kynna sér upplýsingar um P-nám og frjálsa mætingu í *Skóladagbókinni* og í *Skólanámsskrá* ([www.fsh.is](http://www.fsh.is)).

**Allir sem sækja um P-nám skulu koma í viðtal hjá áfangastjóra í síðasta lagi þriðjudaginn 10. janúar.**

## **Kennsla í dag!**

Í dag kl. 10-12 verða 15 mínútna kennslustundir sem hér segir:

10:00-10:15 A-stokkur: BÓK103, EÐL103, FÉL203, ÍSL303

10:15-10:30 B-stokkur: ÍSL203, STÆ202, ÞÝS403

10:30-10:45 C-stokkur: DAN202, EFN103, ENS403

10:45-11:00 D-stokkur: EÐL303, NÁT103, NÁT113, SAG313

11:00-11:15 E-stokkur: BÓK203, JAR203, JAR213, ÞÝS203

11:15-11:30 F-stokkur: ENS203, ÍSL202, STÆ403, ÞJÓ103

11:30-11:45 G-stokkur: DAN203, ENS202, ÍSL403, STÆ603

11:45-12:00 H-stokkur: SAG203, STÆ102, STÆ203, STÆ413

Nemendur mæti í sínar greinar skv. stofutöflu stundatöflunnar. Kennarar munu afhenda kennsluáætlanir og setja fyrir. Eftirtaldar greinar verða þó ekki í dag:

Ípróttir, LYF103, SÁL403, SÝK103, áfangar almennrar endurmenntunar

## Töflubreytingar

Skoðið stundatöflurnar ykkar vel. Ef þið hafið ekki fengið inn alla þá áfanga sem þið völduð geta ástæðurnar verið *margvíslegar*, t.d. að áfanginn er ekki kenndur, ekki er pláss í hóp, árekstar eru milli áfanga o.s.frv. Enn er hægt að bæta inn áföngum og taka út áfanga. Athugið að þessar töflubreytingar er eingöngu hægt að gera hjá *áfangastjóra*.

### Viðtalstímar áfangastjóra vegna töflubreytinga:

Föstudagur 6. janúar kl. 13:00 - 16:00  
Mánudagur 9. janúar kl. 8:00 – 12:00 og 13:00 – 17:00

Vegna töflubreytinga fellur öll kennsla niður hjá áfangastjóra mánudaginn 9. janúar

Komið vel undirbúin í töflubreytingar. Notið stofntöfluna hér fyrir neðan til að finna hvenær áfangar eru kenndir.

	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	
8:00 – 9:00	A	D	A	B	G	1
9:05 – 10:05	E	B	C	H	D	2
10:20 – 11:20	B	E	B	E	F	3
11:25 - 12:25	F	G	E	D	H	4
13:00 – 14:00	C	F	H	G	C	5
14:10 – 15:10	D	H	F	C	I	6
15:20 – 16:20	G	A	J/Ums	A	J	7
16:25 – 17:**	I	I	J	I	J	8

**A-stokkur:** BÓK103, EÐL103, FÉL203, ÍSL303  
**B-stokkur:** ÍSL203, STÆ202, ÞÝS403  
**C-stokkur:** DAN202, EFN103, ENS403  
**D-stokkur:** EÐL303, NÁT103, NÁT113, SAG313  
**E-stokkur:** BÓK203, JAR203, JAR213, ÞÝS203  
**F-stokkur:** ENS203, ÍSL202, STÆ403, ÞJÓ103  
**G-stokkur:** DAN203, ENS202, ÍSL403, STÆ603  
**H-stokkur:** SAG203, STÆ102, STÆ203, STÆ413

**Áfangar utan eða milli stokka:** ATF193, ENS193, íþróttir að mestu, LYF103, SAG193, SÁL403, SÝK103, VER193

**Eftirtaldir hópar eru fullir og er ekki hægt að bæta nemendum í þá að svo stöddu:**  
ÞJÓ103

**Auglýst er eftir nemendum í eftirtalda hópa:**  
DAN203, EÐL303, ÍSL303, JAR203, 213, STÆ403, STÆ603

## **Öllum töflubreytingum verður að vera lokið föstudaginn 13. janúar**

Þeir sem skrá sig úr áfanga eftir 13. janúar fá einkunnina H í feril og teljast hafa reynt einu sinni við áfangann, þ.e. missa einn próftökurétt af þremur í áfanganum.

### **Árekstrar**

Árekstur kallast það þegar tveir áfangar eru skráðir í sama tímam. Ef tveir áfangar eru skráðir á sama tíma í stundatöflu gildir taflan sem árekstraheimild. Nemendur skulu hafa samband við báða viðkomandi kennara og ákveða kennararnir hvernig nemandinn mætir í þessa tíma.

### **Ertu töflulaus?**

Ef þú ert töflulaus gæti skýringin verið sú að þú ert ekki búinn að greiða innritunargjaldið! Taflan þín er þá hjá ritara og þú færð hana um leið og þú gerir upp skuldina. Hafir þú ekki valið fyrir vorönn 2006 er engin tafla til og þá verður þú að hafa samband við áfangastjóra.

### **SAG503**

Þeir sem völdu þennan áfanga verða að sækja um hann sem p-áfanga

### **SÁL403**

SÁL403 verður kenndur í fjarnámi. Kennari verður Ingibjörg Markúsdóttir. Hún mun senda kennsluáætlun og bókalista í tölvupósti á hópinn í næstu viku.

### **Íþróttir**

Íþróttatímar í höll eru þriðjudaga kl. 15:20 – 16:00 og 16:20 – 17:00 og föstudaga kl. 8:00 – 8:40 og 9:05 – 9:45.

Íþróttatímar í Töffsport eru mánudaga og fimmtudaga kl. 15:20 – 16:00 og 16:20 – 17:00.

Nemendur, sem búnir eru með ÍPR201, fá ákveðið valfrelsi í íþróttum, þ.e. þeir geta valið um eftirfarandi samsetningar:

Höll + Töffsport X01

Höll + höll X11

Töffsport + Töffsport X21

Höll + útivera X31

Töffsport + útivera X41

Útivera + útivera X51

Höll + sund X61

Töffsport + sund X71

Útivera + sund X81

Útivera verður á á föstudögum kl. 14:10. Sund er utan töflutíma þegar nemendum hentar.

Kennari mun útskýra þetta nánar í fyrsta íþróttatíma.

Þeir sem ekki hafa fengið íþróttir í töflu snúi sér til áfangastjóra.

Þeir sem eru með íþróttarárekstur mæti í Töffsport á mánudögum kl. 16:30 og í Höll á þriðjudögum kl. 16:30

### **Frjáls tími í íþróttahöllinni.**

Nemendum er boðið upp á frjálsan tíma í íþróttahöllinni á fimmtudögum kl. 16:20 – 17:00. Frjáls tími þýðir ekki að frumskógarlög málið eigi að gilda heldur að ekki er um eiginlega kennslu að ræða og ekki skylda að mæta. Skilyrði fyrir því að hægt sé að halda tímanum er góð framkoma – í sal, búningsherbergjum og afgreiðslu.

### **Ýmsar tilkynningar**

**Skólanámsskrá FSH** er á netinu. Slóðin er <http://www.fsh.is>

Þar eru líka gögn eins og húslestur, bókalistar o.fl.

### **Meðferð matvæla**

Öll neysla matar og drykkjar er bönnuð í kennslustofum skólans.

### **Útskriftarnemar!**

Þeir sem hyggja á námslok um áramót eða næsta vor hafi samband við áfangastjóra sem allra fyrst.

### **Húslestur á netinu**

[www.fsh.is](http://www.fsh.is) - Þjónusta - Áfangastjóri – Húslestur

### **Tilkynningar og gögn frá áfangastjóra á netinu:**

[www.fsh.is](http://www.fsh.is) - Þjónusta – Áfangastjóri

### **Bókasafn**

Sjá kynningarbækling frá bókasafni.

### **Netaðgangur nemenda**

Nýnemar fá netföng á skrifstofu skólans.

Verði nemendur uppvísir að misnotkun á tölvukerfi skólans verður aðgangurinn tekinn af þeim.

Opnunartímar stofu 1 eru þegar hún er ekki í notkun skv. töflu (sjá auglýsingu við stofudyrnar). Kennarar með hópa hafa þó forgang á opnunartímum fram yfir aðra.

Eldri nemendur halda sínum netföngum. Komist einhver ekki inn skal hafa samband við kerfisstjóra.

**Ath. að til að nota Innuaðgang verða nemendur að hafa netaðgang!**

# Bókasafnið

**Flestar bækur** á safninu eru lánaðar út, en þar sem að jafnaði er aðeins eitt eintak af hverri bók þurfið þið að sýna hvert öðru tillitssemi og skila bókunum um leið og þið hafið notað þær.

**Munið** það kostar ekkert að taka bók að láni, það eina sem þið þurfið að gera er að gefa upp nafn ykkar og kennitölu hjá bókaverði. Öll útlán eru tölvuskráð. Enginn má fara með bók út af bókasafninu, nema bókin sé skráð í útlán.

Ef enginn starfsmaður er við þegar þið ætlið að fá bók lánaða, vinsamlega skrifið á miða nafn ykkar og bókarheiti og skiljið eftir á borði bókavarðar.

Útlánatími er 3 vikur nema um annað sé samið við bókavörð. Þetta gildir þó ekki um kennslubækur, orðabækur og handbækur, sem mest eru notaðar. Þær eru aðeins lánaðar einn dag í einu.

Nemendur eru hvattir til að notfæra sér lesaðstöðuna á safninu og handbækurnar sem þar eru. Einnig er þar ein nemendatölva með Internetaðgangi. Athugið: Virðið vinnufrið annarra. Talið hljóðlega þegar nemendur eru að lesa á safninu.

**Ljósritunarvél** er á bókasafninu fyrir nemendur. Hvert ljósrit kostar 5 kr. , en ef ljósrituð eru fleiri en 10 stk.. þá kostar hvert ljósrit 4 kr. Elín á bókasafninu tekur við greiðslu.

**Neysla matar og drykkjar** er algjörlega bönnuð við tölvurnar.

**Opnunartími bókasafnsins** er frá 8:00 til 15.00 alla virka daga, nema annað verði auglýst.

Bókasafnið er staðsett á efri hæð skólans fyrir ofan aðalinngang nemenda við hliðina á stofu 10.